

## 8. fundur skólanefndar kjörtímabilið 2018-2022 v/grunnskóla haldinn

31. október 2019 kl. 13.00

**MÆTT:** Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Hanna Björk Grétarsdóttir (D og óháðir) og Unnsteinn Eggertsson (H) sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnardóttir, skólastjóri, Steinunn Margrét Larsen, aðstoðarskólastjóri, Margrét Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsfólks, Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi foreldrararáðs og Einar Bjarnason og Sigurður Unnar Sigurðsson fulltrúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Einnig sat fundinn, Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri vegna fundarliða nr. 1 og 2.

**FUNDARSTAÐUR:** FLÚÐASKÓLI, FUNDARHERBERGI 2. HÆÐ

Dagsskrá:

1. Drög að gjaldskrá mótneytis Flúðaskóla.
2. Drög að fjárhagsáætlun.
3. Nýjar skólareglur.
4. Starfsþróunar- og símenntunaráætlanir.
5. Yfirlit yfir skimanir og próf.
6. Frá sveitarstjórn - Breyting á lögum um grunnskóla í samráðsgátt.
7. Gátlisti, 2., 3. og 4. liðir
8. Til kynningar/upplýsinga
  - a) Afmælishátið í tilefni 90 ára afmælis skólans.
  - b) Leiðbeinandi álit um tvöfalda skólavist, tölvupóstur frá Sambandi sveitarfélaga dags. 1. okt sl.:
  - c) Rekstarkostnaður á nemanda e. stærð grunnskóla.
  - d) Úthlutun úr Námsgagnasjóði 2019.
  - e) Skólabifreiðar.
9. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemduum við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir voru gerðar og gengið var til dagskrár.

1. Drög að gjaldskrá mótneytis Flúðaskóla.

Formaður fór yfir drög að gjaldskrá mótneytisins. Almenn hækkan á liðum er um 2,5%. Skólanefnd samþykktir gjaldskránnna, eins og hún liggur fyrir á fundinum.

2. Drög að fjárhagsáætlun.

Á fundi mætti Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri. Hann fór yfir helstu áherslur í áætluninni fyrir árið 2020.

Málið rætt. Skólanefnd samþykktir áætlunina, eins og hún er lögð fyrir fundinn.

Hrunamannahreppur

The image shows several handwritten signatures in blue ink. From left to right, the signatures are: 'JLA' (top left), 'SML' (bottom left), 'RBS' (middle left), 'Mk' (bottom center), 'BBS' (middle right), 'SUS' (bottom right), 'HRB' (top right), and 'JE' (bottom right). There are also some smaller, less distinct signatures and initials scattered around the main group.

### 3. Nýjar skólareglur.

Skólastjórnendur fóru yfir nýjar skólareglur sem finna má á vef skólans. Reglurnar eru ítarlegri en áður var og hafa verið lagðar fyrir viðeigandi nefndir og ráð. Reglurnar voru tilbúnar sl. vor.

Skólanefnd lýsir yfir ánægju sinni með reglurnar, en bendir á að orðinu "hreyfing" má gjarnan bæta við í kaflanum um "heilbrigðar lífsvenjur".

Nefndin lýsir jafnframt yfir ánægju með vinaliðaverkefni ungingastigs um „tækjalausar frímínútur”. Nefndin óskar eftir að fá upplýsingar um árangurinn af "tækjalausu frímínútunum" og hver upplifun nemenda er. Niðurstöðurnar væri hægt að nýta við næstu endurskoðun skólareglina.

Skólanefnd samþykkir skólareglurnar með áorðinni breytingu, sbr. 2 mgr.

### 4. Starfsþróunar- og símenntunaráætlanir.

Skólastjóri fór yfir þær áherslur sem skólinn leggur á í umbóta- og þróunarstarfi skólans fyrir yfirstandandi skólaár. Þar má nefna þætti eins og notkun upplýsingatækni, tölvutækni, læsi, útikennslu, heilsueflandi grunnskóla, nýsköpun, stærðfræði og jákvæða sjálfsmynd.

Einnig gefst kennurum tækifæri til, í samráði við skólastjóra, að sækja sér endur- og símenntun á þeim sviðum sem þeir telja nauðsynlega til að viðhalda þekkingu sinni og getu til að miðla þeirri þekkingu áfram í sínu starfi.

### 5. Yfirlit yfir skimanir og próf.

Skólastjóri fór yfir þær skimanir og prófanir sem framkvæmdar eru í hverjum árgangi fyrir sig.

### 6. Frá sveitarstjórn - Breyting á lögum um grunnskóla í samráðsgátt.

Formaður fór yfir bókunina sem er svo hljóðandi: „*Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla. Sveitarstjórn vísar málínu til skólanefndar til kynningar.*”

Skólanefnd telur að breytingin nái ekki markmiðum sínum þegar horft til hagsmuna barna og leiði fremur til vaxandi ójöfnuðar milli skóla- og menntakerfis með því að ýta undir einsleinti nemandahópa.

### 7. Gátlisti, 2., 3. og 4. liðir

#### Liður 2

- Er samstarf skólans við leikskóla með skipulögðum hætti?

**Svar:** Já.

JLA

- Eru til skráðir verkferlar um slíkt samstarf?

**Svar:** Já.

HMK

- Er samstarf skólans við framhaldsskóla með skipulögðum hætti?

**Svar:** Já.

JE

Hrunamannahreppur

5M2

S.U.S.

ÞA

Mk

FP

## 3. liður

Er skólinn í samstarfi við aðila utan skólans?

**Svar: Já.**

Er slíkt samstarf með skipulögðum hætti?

**Svar: Já.**

## 4. liður

Er skólaráð, foreldrafélag og nemendafélag starfandi við skólann?

**Svar: Já.**

## 8. Til kynningar/upplýsinga

## a) Afmælishátið í tilefni 90 ára afmælis skólans.

Hátíðin tókst í alla staði vel. Skólanefnd lýsir yfir ánægju sinni hvernig til tókst og óskar jafnframt Flúðaskóla innilega til hamingju með tímamótin.

## b) Leiðbeinandi álit um tvöfalda skólavist, tölvupóstur frá Sambandi sveitarfélaga dags. 1. okt sl.:

Formaður lagði fram til kynningar álit Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem fjallað er um tvöfalda skólavist barna. Niðurstaða sambandsins er að hagsmunir barns skuli ávallt vega þyngra en hagsmunir foreldra og því sé það í verkahring foreldra að aðlaga sig að þörfum og hagsmunum barna sinna þegar breyting verður á högum þeirra.

## c) Rekstarkostnaður á nemanda e. stærð grunnskóla.

Formaður fór yfir helstu tölur í yfirlitinu. Lagt fram til kynningar.

## d) Frumvarp til laga í samráðsgátt.

Lagt fram til kynningar.

## e) Úthlutun úr Námsgagnasjóði 2019.

Lagt fram til kynningar. Úthlutun til Flúðaskóla er 138 þús.

## f) Skólabifreiðar.

Fundarfólk ræddi almennt um útbúnað skólabifreiða. Fram kom að allir bifreiðar í skólaakstri skólans eru með skoðun án athugasemda.

## 9. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi

## a) Gátlisti um ábyrgð skólanefnda.

## b) Skólanámskrá

Næsti fundur ákveðinn kl. 13.00 fimmtudaginn 12. desember. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.05.

Hrunamannahreppur

Johanna Líla Arnardóttir  
S. Margrét Þorsteinsdóttir  
Ólöf Ólafsdóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Frøyja Þorleifsdóttir  
Hanna Ríðgríðarsdóttir  
Sigrún Úlfarsdóttir